

Samfélagið - verkefni um listir.

1. Flest byggðarlög státa af listamönnum af einhverju tagi, t.d. skáld sem yrkja ljóð eða skrifa bækur, myndlistarmenn sem mála myndir, tónlistarmenn sem semja lög og svo framvegis.
 - a. Aflið ykkur upplýsinga um þekktu listamenn í Grindavík.
 - b. Hvers konar list búa þeir til?
 - c. Hvert er yrkisefni þeirra?
 - d. Veljið ykkur einn listamann sem þið kynnið ykkur, notið leitarvél á vefnum til þess.
 - e. Búið til veggspjald þar sem þið kynnið verk hans.
2. Mörg byggðarlög státa af listaverkum eftir listamenn byggðarlagsins.
 - a. Farið á stúfana í Grindavík og skoðið hvort listaverk grindvískra listamanna eru sýnileg, t.d. höggmyndir, skúlpúrar eða veggspjöld.
 - b. Takið myndaskot og notið símann ykkar eða myndavél. Búið til kynningarmyndband sem þið setjið á YouTube.
3. Yrkisefni höfunda eru margvísleg og líklega sækja þeir sköpunina í reynsluheim sinn. Prófið þið að gera slíkt.
 - a. Farið út og gangið hring í hverfinu ykkar.
 - b. Skrifið niður öll þau orð sem þið sjáið í umhverfinu.
 - c. Búið til staka miða með orðunum og klippið niður.
 - d. Reynið svo að raða þeim í setningar þannig að úr verði ljóð eða vísa.
4. Rithöfundar skrifa á mismunandi hátt. Sumir skrifa t.d. í fyrstu persónu á meðan aðrir skrifa í þriðju persónu.
 - a. Finnið bók sem þekktur rithöfundur úr Grindavík (t.d. Guðbergur Bergsson) skrifaði og skoðið stíllinn hans.
 - b. Kynnið ykkur yrkisefni hans og hvort þau tengjast Grindavík.
5. Ritun getur verið margvísleg t.d. dagbókarskrif, sendibréf, frétt, viðtal, hugleiðing um efni og frásögn. Hvaða stíll er notaður hverju sinni fer eftir tilefni skrifanna.

- a. Náið ykkur í dagblað og finnið tvennskonar ritunarform. Veltið fyrir ykkur muninum á þessum skrifum.
- b. Veljið einn af þessum ritunarstílum sem þið skoðuðuð og notið til þess að skrifa um þá list sem þið heillist mest af.
- c. Myndskreytið.